

Læsisáætlun Fífuborgar

-læsi er samband orðanna við lífið sjálft-



Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Hlutverk kennarans, tjáning, hlustun og ritmál.....	3
2. Aðgengi að efnivið og þekkingu	5
3. Barnabókmenntir.....	6
4. Söngur og kveðskapur	7
5. Samstarf við foreldra	8
6. Fjölbreytt samstarf	9
7. Fjölmennning	9
8. Barnið í brennidepli	11
9. Framfarir barna.....	12
Ítarefni	13
Heimildaskrá.....	14

Inngangur

Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að málþroska og læsi barna og því getur markviss vinna á þeim árum haft grundvallaráhrif á færni þeirra í framtíðinni. Í Fífuborg fer fram nám, bæði í gegnum leik og í skipulögðu starfi sem leggur grunn að þróun bernskulæsis. Með bernskulæsi er átt við ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lesturs og ritunar. Þróun bernskulæsis felur í sér að börn byrji mjög ung að sýna tal- og ritmáli áhuga og að þau tileinki sér vissa þekkingu í undirstöðupáttum lestrarfærni áður en þau byrja í grunnskóla, meðal annars orðaforða, bókstafaþekkingu, hljóðkerfisvitund, málskilning og máltjáningu (Gunn, Simmons og Kameenui, 1995; Whitehurst og Lonigan, 2002).



Læsisáætlun Fífuborgar byggir á áherslum læsisstefnu leikskóla *Lesið í leik* sem gefin var út af Skóla- og frístundarsviði Reykjavíkur (2013) og aðalnámskrá leikskóla (2011). Í henni kemur fram að bernskulæsi sé í eðli sínu félagslegt fyrirbæri sem felur í sér málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi. Að læsi snúist fyrst og fremst um sköpun merkingar og eigi sér aldrei stað í tómarúmi; reynsla skapar skilning en ef barn vantar orð eða tjáningarform til þess að lýsa reynslu sinni getur það ekki tjáð upplifun. Ef það hefur ekki upplifað og öðlast reynslu skortir á skilninginn.

Í Fífuborg er lagt upp úr því að víkka út reynsluheim barnsins með fjölbreyttum aðferðum í gegnum leik en einnig með öðrum leiðum eins og vettvangsferðum um nánasta umhverfi og fleira. Eftir slíkar ferðir er rætt við börnin, yfirleitt í samverustundum, til að sjá hverju þau tóku eftir og fannst merkilegt í ferðunum. Jafnvel eru unnin verkefni úr ferðunum en fer það þá eftir deildum og umfangi ferðanna hversu stór verkefnin eru. Þannig verður reynsla þeirra merkingarbær og í leiðinni eykst orðaforði þeirra þegar þau tjá sig um reynslu sína af liðnum atburðum og upplifun.

Segja má að allur efniviður og viðfangsefni leikskólans, náttúra, umhverfi, menning og reynsla barna séu verkfæri til að koma merkingu á framfæri.

1. Hlutverk kennarans, tjáning, hlustun og ritmál

Starfsmenn leikskólans eru í lykilhlutverki við eflingu bernskulæsis. Þeir þurfa að vera til staðar í leiknum til þess að leggja orð á hluti, athafnir og geta þróað og auðgað leikinn með hugmyndum og samræðum. Við leggjum mikla áherslu á að starfsfólkið efli orðaforða barna með því að nota opnar spurningar sem gera þær kröfur að börnin svari með setningu, taki afstöðu og /eða setji fram tilgátu. Opnar spurningar gefa börnunum líka þau skilaboð að þau njóti virðingar og að á þau sé hlustað. Samtöl við einstök börn og samræður við hóp barna eru mikilvæg. Þá gefst tækifæri til að ræða um það sem stendur börnunum næst, hvað hópurinn hefur upplifað saman, heimspekilegar vangaveltur og umræður um tilfinningar. Við teljum mikilvægt að grípa frumkvæði barnanna, hlusta á þau, svara þeim og leiða þau áfram í að segja frá í samhengi.



Öll börnin í leikskólanum fara í skipulagðar *Lubba stundir* þar sem markvisst er unnið með hljóðkerfisvitund út frá bókinni *Lubbi finnur málbein* eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttur og Þóru Másdóttur. Einnig er hlustun og hljóðkerfisvitund þjálfuð í samverustundum, til dæmis með því að ríma og klappa samstöfur. Þau börn sem þurfa sérstaka málörvun fá hana bæði í leik með öðrum börnum og í skipulögðum stundum í litlum hóp.

Má því sjá að stór hluti leikskólastarfsins eru almennar samræður við börnin og málörvun og þarf því starfsfólk að grípa tækifærin þegar þau gefast í daglegu starfi, eins og í fataklefanum eða við matarborðið, og auka þannig orðaforða barnanna.

Dæmi um málörvun í fataklefa: Viltu fara fyrst í skó eða í úlpu? Við förum fyrst í aðra ermina og svo í hina.

[illegible]

4

2. Aðgengi að efnivið og þekkingu

Mikilvægt er að börnin hafi gott aðgengi að mál- og læsishvetjandi efni, bæði í leik og í skipulögðu starfi. Í Fífuborg er til fjölbreytt úrval af bókum sem eru aðgengilegar á öllum deildum, í hillum, þar sem bókakápa snýr fram. Börnin mega alltaf ná sér í bók og skoða, hvort sem þau eru ein eða með öðrum. Leikskólinn á gott úrval af spilum, kubbum og púslum með bók- og tölustöfum sem börnin nota ýmist í frjálsum leik eða skipulögðum stundum. Ritmálið er sýnilegt þar sem hólf barnanna í fataklefanum eru merkt með nafni barnanna og fæðingardegi þeirra. Einnig eru flestir hlutir á deildunum merktir, til dæmis *gluggi*, *klukka* og *innstunga*. Á öllum deildum eru veggspjöld með stafrófi sýnileg og útprentaðir bókstafir og tölustafir á vegg í hæð barnanna. Einnig eru sæti barnanna á eldri deildum þar sem samverustundir og hópstundir fara fram merkt með nafni hvers og eins barns. Frá um það bil þriggja ára aldri fara börnin í val yfir sumartímann og annað hvort deildarval eða flæði yfir vetrartímann þar sem þau velja með valspjaldi með nafninu sínu á. Eldri börnin nota spjöld með nöfnum þeirra sem fyrirmyndir til dæmis þegar þau merkja myndir sínar. Þannig verður ritmálið merkingarbært og tengist daglegu lífi þeirra. Ritföng, eins og blöð, litir og blýantar eru alltaf til staðar og aðgengileg fyrir börnin á eldri deildunum, einnig í hlutverkaleik, með þemakössunum og á eininga- og holukubbasvæði. Þannig er hægt að tengja eflingu bernskulæsis við leikinn.



3. Barnabókmenntir

Mikilvægasti liðurinn í almennri málörvun er að lesa fyrir börnin og venja þau við bækur og ritmál. Í Fífuborg er skipulagið á sögustundunum aðeins misjafnt eftir aldri barnanna. Á yngstu deildinni er lesið á morgnana því að flest börnin sofa eftir hádegismatinn. Á eldri deildunum þremur fara öll börn í sögustund eftir hádegismatinn. Skipt er í hópa eftir getu þannig



að börnin fái efni við hæfi, til dæmis er boðið upp á framhaldssögu á elstu deildinni þar sem þau muna betur eftir því sem var lesið og geta haldið áfram með söguna daginn eftir. Auk þessara sögustunda eftir hádegismatinn er stundum lesið í samverustund fyrir hádegi. Einnig er gripið í bækur yfir daginn, til dæmis ef börnin eru í frjálsum leik og áhugi þeirra fyrir bókum kviknar allt í einu þá er ekkert því til fyrirstöðu að grípa tækifærið og lesa fyrir þau.



Við viljum lesa fjölbreyttar bækur sem höfða til áhugasviða barnanna og er

mikilvægt að nýta bækurnar til málörvunar, ræða um orðin og merkingu þeirra og hvað þau þýða. Slík þjálfun, með beinum hætti, hefur gefið góða raun og leitt til aukins orðaforða (Beck, McKeown og Kucan, 2002; Freyja Birgisdóttir, 2010). Einnig er mikilvægt að þjálfar börnin í að draga ályktanir um hvernig sögupersónunum líði og hvað gerist næst. Þannig eflast þau í ályktunarhæfni og í uppbyggingu sögu, það er að saga hefur upphaf, miðju og endi.

Jafn mikilvægt er að njóta sögustundarinnar og gera hana að ánægjulegri upplifun, það þarf ekki alltaf að spyrja börnin út úr. Í sögustund getur starfsmaðurinn líka sagt sögur frá eigin brjósti, þannig nær kennarinn oft betra augnsambandi við börnin og getur gert þau og jafnvel

sjálfan sig þátttakendur í sögunni. Að auki geta starfsmenn unnið með sögur á ýmsan máta, eins og með sögupokum, Sögugrunni, könnunaraðferðinni og fleira. Síðan hafa jafnframt sumar deildir verið ýmist með orða- eða bókaorma inn á deildum.

4. Söngur og kveðskapur

Söngvar, vísur og þulur eru einnig mikilvægur efniviður í starfi okkar í Fífuborg. Við tengjum söngva, vísur og þulur við árstíðir og þemu til dæmis þegar við lærum um þjóðlega hluti. Við spáum í textann og merkingu orðanna en jafnframt í hrynjandann og rímið.

„Á Sprengisandi“ er rammíslenskt lag sem er gjarnan sungið á leikskólum. Einu sinni þegar verið var að æfa lagið en börnin sýndu lítinn áhuga og voru óróleg sagði kennarinn þeim draugasögu. Draugasagan sagði frá manni sem var á Sprengisandi sem er í miðjunni á Íslandi. Hann var þar á hestbaki að smala kindum en heyrði alls konar draugaleg hljóð. Honum fannst hann heyra í tófunni sem vildi bíta í kindurnar hans og jafnvel í útilegumönnum líka. Hann var líka mjög hræddur um að álfadrottingin myndi plata hann. Hann var svo hræddur að hann var tilbúinn að gefa besta hestinn sinn til að vera kominn heim til sín. Í kjölfarið varð „Á Sprengisandi“ vinsælasta lagið á deildinni og börnin voru ekki lengi að læra öll erindin þrjú. Börnin vissu upp á hár að klár gat þýtt hestur og tófan refamamma.

Í samverustundum er unnið með rím, þulur og ljóð ásamt því að farið er í ýmsa málörvandi leiki. Stundum eru sögur búnar til úr íslenskum lögum, eins og *Siggi var úti* eða *Krummi svaf í klettagjá*. Þannig tengjast börnin sönglaginu betur, sérstaklega ef sagan er sögð áður en lagið er sungið. Einnig er reynt að hafa sönglögin myndræn, en þá nota starfsmenn gjarnan myndir eða leikmuni sem tengjast textanum í laginu. Inni á hverri deild er *söngva skjóða* með leikmunum eða myndum sem eru lýsandi fyrir heiti sönglagsins sem börnin fá að draga úr skjóðunni og svo er lagið sungið saman.

Í Fífuborg erum við með *lög mánaðarins* sem oft tengjast árstíðunum. Þau eru send í tölvupósti til foreldra svo þeir geti fylgst með hvaða lög börnin eru að syngja hverju sinni.

Einnig erum við með *málshátt mánaðarins* og einfaldar útskýringar á málsháttum svo börnin skilji betur hvað þeir tákna.

Í *Lubbastundum* er unnið með söng, rím og þulur og í tónlistarstundum er mikið unnið með *Pétur og úlfinn* ásamt því að börnin fá að prófa hljófæri og ýmsa hljóðgjafa.

5. Samstarf við foreldra

Mikilvægt er að leikskólinn hafi frumkvæði að samstarfi við foreldra um eflingu læsis. Á öllum deildum er foreldrum bent á bæklingana „Málþroski, sameiginleg ábyrgð“ sem eru til á mörgum tungumálum. Auk þess sem foreldrar eru hvattir til þess að lesa fyrir börnin og rætt um mikilvægi málörvunar í foreldrasamtölum. Við teljum upplýsingagjöf til foreldra um starfið í leikskólanum mikilvæga og reynum því að spjalla við foreldra þegar færi gefst. Sem fyrr segir

skrifum við stuttar upplýsingar um hvað var gert hvern dag á hverri deild „á hurðina“ og sendum vikulegar



upplýsingar um starfið í tölvupósti til foreldra. Þannig geta foreldrar fylgst með hvað var gert yfir daginn og vikuna og er þá hægt að ræða heima um það sem gert var í leikskólanum. Til dæmis að tala um fyrsta stafinn í nafni allra í fjölskyldunni alveg eins og börnin gerðu í leikskólanum.



6. Fjölbreytt samstarf

Samfella í námi barna er mikilvæg þannig að grunnskóli og frístundastarf verði eðlilegt framhald af leikskóla. Í Fífuborg fá elstu börnin fjölbreytt tækifæri til að heimsækja Rimaskóla og frístundaheimilið Tígrisbæ til þess að kynnst starfinu og umhverfinu þar. Einnig hafa nemendur í Rimaskóla, bæði 1. og 4. bekk komið í heimsóknir á leikskólann. Þetta samstarf hefur gengið afar vel. Farið er með börnin á eldri deildunum í sögustund á Borgarbókasafninu í Spönginni einu sinni til tvisvar yfir veturinn.



7. Fjölmennning

Leikskólinn vill huga sérstaklega vel að þeim börnum sem hafa annað móðurmál en íslensku. Þar fylgjum við áherslum úr stefnu Skóla- og frístundarsviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf, *Heimurinn er hér*, sem gefin var út 2014. Við erum meðvituð um ávinning þess að barnið hafi góða þekkingu á móðurmáli sínu og íslensku, bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Við fyllum út *Hæfniramma í íslensku* fyrir fjöltyngd börn til að fylgjast með framförum barna og hvort þörf sé á inngripi.

Í Fífuborg viðurkennum við móðurmál barnanna, líka í leiknum en við nýtum leikinn einnig til þess að leggja inn orð og kenna íslensku og á deildunum hefur verið útbúin bók með myndum af daglegu starfi barnanna í leikskólanum fyrir þá foreldra fjöltyngdra barna sem það vilja. Við myndirnar er skrifaður texti á bæði íslensku og móðurmáli barnsins. Bókin er svo lesin fyrir barnið bæði heima og í leikskólanum.




Við hvetjum foreldra fjöltyngdra barna eindregið til þess að nota móðurmálið heima og kynna fyrir barninu bækur, tónlist og sjónvarpsefni á sínu móðurmáli. Stundum hafa börnin komið með slíkt efni með sér í leikskólann og sýnt hinum börnunum. Einnig hvetjum við þá foreldra til að bjóða íslenskuna velkomna á heimilin með því að vera góðar málfyrirmyndir, sýna íslenskunni áhuga með því að hlusta á sögur, tónlist eða horfa á efni á íslensku. Við sendum foreldrum barna, með annað móðurmál en íslensku, upplýsingablað á íslensku og ensku um íslensk forrit og vefsíður sem hægt er að nýta með snjalltækjum sem efla og styrkja íslenskufærni barna. Að auki setjum við myndir af starfinu inn á Völuna vikulega til að foreldrar geti rætt reynslu barnanna og upplifun við þau á móðurmáli þeirra.

Sem fyrr segir er unnið með fjölbreytta kennsluhætti eins og könnunaraðferðina í Fífuborg, en í þeirri vinnu er mikil áhersla lögð á samvinnu og meiri líkur á að ná árangri með fjölbreytta barnahópa og koma til móts við þarfir allra barna. Könnunaraðferðin er því mjög hentug fyrir börn með annað móðurmál en íslensku.

8. Barnið í brennidepli

Í Fífuborg er barnið í brennidepli og unnið er með því út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði. Það tengist áherslu okkar á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Öll börnin í Fífuborg fá að vera „Barn vikunnar“ einu sinni á skólaári. Barnið fer heim með vinadúkku yfir helgi og foreldrar senda tölvupóst til deildarstjóra hvað barnið gerði með dúkkunni ásamt því að sagt er frá fjölskyldu barnsins. Barnið segir frá viðburðum úr eigin lífi, kemur með bók sem er kynnt og lesin, kemur með tónlist að heiman eða velur lag og segir frá og sýnir leikfang eða annan hlut sem er því kær.



Fyrir utan barn vikunnar eru hér nokkur atriði talin upp þar sem áhersla er lögð á að barnið sé í brennidepli:

- Börnunum er velkomið að koma með myndir af einhverju áhugaverðu úr lífinu og sýna vinum sínum í leikskólanum.
- Foreldrar eru upplýstir um að börnin megi koma með myndir sem þeim langar að sýna í leikskólanum t.d af gæludýrum, utanlandsferð, nýjum systkinum og fleira.
- Fyrir jólin gerum við bókajólatré, þá mega börnin koma með bók að heiman og setja á bókajólatréð.
- Farið er í gönguferð að húsum næst elstu barnanna í leikskólanum.
- Afmælisbörn fá sérstaka diska og glös og barnið fær hlutverk yfir daginn sem umsjónarmaður.
- Börnin fá ýmiss hlutverk yfir leikskóladaginn, eins og umsjónarmaður, veðurfræðingur, bókavörður og aðstoðarmaður Ellu. Einnig eru elstu börnin aðstoðarmaður Slökkviliðsins.

9. Framfarir barna

Mikilvægt er að fylgjast með framförum barnanna í málþroska og læsi. Í Fífuborg eru foreldrasamtöl að hausti og vori og fá foreldrar þá almennar upplýsingar um málþroska barna sinna.

Starfsmenn skrá reglulega niðurstöður og framfarir barnanna ásamt því að styðjast við nokkur skimunartæki til að meta stöðu þeirra. TRAS, EFI-2 og HLIÓM-2 eru lögð fyrir öll börn og stuðst er við gátlistann *Viðmið fyrir læsi* sem finna má í læsisstefnu leikskóla *Lesið í leik*. Niðurstöður eru kynntar fyrir foreldrum og einnig eru þær nýttar til að skipuleggja áframhaldandi málörvun.



Þegar börnin færast á milli deilda fara upplýsingarnar með þeim áfram, bæði skriflega en einnig setjast deildarstjórnirniður saman og skiptast á upplýsingum.



Ítarefni

- Bæklingurinn Málþroski –sameiginleg ábyrgð [0-3 ára](#) og [3-6 ára](#)
- Lesið í leik, læsisstefna Leikskóla í Reykjavík
https://mml.reykjavik.is/wp-content/uploads/2019/04/lesid_i_leik.pdf
- Bæklingur um málþroska barna frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
[Málþroski-barna.pdf \(hti.is\)](#)
- Almenn málörvun frá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
[Almenn málörvun barna \(hti.is\)](#)
- Íslenska sem annað móðurmál og virkt tvítyngi
<https://2021.reykjavik.is/allir-med/islenska-sem-annad-modurmal-og-virkt-tvityngi>



Heimildaskrá

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla 2011*.
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf
- Beck, I., McKeown, M. og Kucan, L. (2002). *Bringing words to life: robust vocabulary instruction*. New York: Guilford Press.
- Freyja Birgisdóttir. (2010). Kennsla um orðhluta eykur orðskilning nemenda á yngsta stigi grunnskólans. *Uppeldi og menntun*, 19(1-2), 33-50.
<https://timarit.is/eggnir/991010231779706886>
- Gunn, B., Simmons, D. og Kameenui, E. (1995). *Emergent literacy: Synthesis of the research*.
<https://eric.ed.gov/?id=ED386866>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. (2013). *Lesið í leik. Læsisstefna leikskóla*.
<https://menntastefna.is/tool/lesid-i-leik/>